

796. fundur

Árið 2023, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 13. desember, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Friðjón Einarsson, Anton Kristinn Guðmundsson, Björn G. Sæbjörnsson, Sverrir Auðunsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sverri Auðunsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

- Staða Keilis. Gestur: Nanna Kristjana Traustadóttir, framkvæmdastjóri.*
Framkvæmdastjóri Keilis fór yfir sögu Keilis og fjárhagsáætlun hans til næsta árs. Stjórn S.S.S. þakkar framkvæmdastjóra Keilis fyrir góða og upplýsandi kynningu. Friðjóni Einarssyni falið að vinna verkefnið áfram.
- Samstarfssamningur Eignarhaldsfélags Suðurnesja og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, dags. 15.11.2023.*
Stjórn S.S.S. samþykkir samninginn fyrir sitt leyti í samræmi við umræður fundarins.
- Tölvupóstur dags. 05.12.2023 frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu v. viðbyggingar við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.*
 - Minnisblað varðandi starfsnámsskóla frá FSRE.
 - Drög að samningi milli MRN og sveitarfélaganna á Suðurnesjum.Málinu frestað og Friðjóni Einarssyni falið að vinna áfram að verkefninu.
- Tækifæri á MIPIM 2024 – kynningargögn frá Íslandsstofu.*
Stjórn S.S.S. samþykkir að framkvæmdastjóri S.S.S. sækir ráðstefnuna fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.



5. *Málefni Grindavíkur.*

Formaður fór yfir stöðuna í Grindavík. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur verið með eitt stöðugildi í Tollhúsinu í Reykjavík til að aðstoða fyrirtæki úr Grindavík. Jafnframt söfnuðu starfsmenn S.S.S. saman upplýsingum um laust atvinnuhúsnæði á Suðurnesjum auk annara tilfallandi verkefna. Gert er ráð fyrir því að þörfin á staðbundnum starfsmanni í Tollhúsinu verði endurskoðuð í lok desember.

6. *Önnur mál.*

Þar sem þetta er síðasti stjórnarfundur Friðjóns Einarssonar, vill stjórn S.S.S. þakka honum fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50.

Sverrir Auðunsson

Björn G. Sæbjörnsson

Anton K. Guðmundsson

Friðjón Einarsson

Berglind Kristinsdóttir